

Björkurstekkur 1-3, 800 Selfoss

Greinargerð Hönnunarstjóra

Verknr, 22-089

Bent Larsen Fróðason

Byggingafræðingur B.Sc.

9/15/2022

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	1
1 Inngangur	3
1.1 Lýsing	3
Almenn lýsing á viðfangsefninu:	3
Hönnunarforsendur:	3
2 Ábyrgðasvið löggiltra hönnuða	3
3 Lýsing Byggingahluta	3
3.1 ÞAk uppbygging	4
3.2 útveggir	4
3.3 Kröfur í byggingarreglugerð 112/2012 til hljóðvistar	4
3.4 Innveggir	4
3.5 Gluggar / Hurðir	4
3.6 Sökkull og plata	5
3.7 Votrymi	5
4 Brunahönnun :	5
4.1 Inngangur	5
4.2. Forsendur hönnunar og aðferðir	5
4.3 Helstu niðurstöður	6
4.4 Aðrar upplýsingar	6
5 Burðarþol	6
5.1 inngangur	6
5.2 Forsendur hönnunar	7
-Eiginþyngd	7
-Notálag	7
-Umhverfisálag	7
-Vatnsálag	7
-óhappaálag	8
-Formbreytingarkröfur og kröfur titrings og sveiflna	8
5.3-Helstu Niðurstöður	8
6 Loftræsing	8
6.1 inngangur	8
6.2 forsendur Hönnunar	8
6.3 útsog og öndun þaks	9
7 Lagnir almennt	9
7.1 Inngangur	9
7.2 Forsendur hönnunar og helstu niðurstöður	9

Skv. leiðbeiningum MVS 4.5.3.útgáfa 1.2.

7.3 Lagnir, inntök og tæknirými:.....	10
7.3.1 Hitalagnir	10
7.3.2 Neysluvatnslagnir	10
7.3.3 Frárennsli	10
7.3.4 RAF- OG FJARSKIPTALAGNIR	10
8 Lýsing.....	11
8.1 Inngangur.....	11
8.2 Forsendur Hönnunar og helstu niðurstöður	11
9 Öryggismál.....	11
9.1 Inngangur.....	11
9.2 Forsendur hönnunar	11
9.3 Helstu niðurstöður	12
10 Aðkoma, umferðarleiðir og Dvalarsvæði utandyra	12
10.1 Inngangur.....	12
10.2 Lóð- útisvæði	12
10.3 Algild hönnun.....	13

1 INNGANGUR

1.1 LÝSING

Um er að ræða parhús á einni hæð á lóðinni Björkurstekkur 1-3, 800 Selfossi.

Landnr. L230300

Verkið er unnið fyrir Kára Helgason, kt. 160365-4129.

Heildarstæðir eru:

Björkurstecktur 1-3	M ² (brúttó)	M ³ (brúttó)
0101 Íbúð	155,3 m ²	483,8 m ³
0102 Íbúð	155,3 m ²	483,8 m ³
0103 Bílskúr	41,8 m ²	176,8 m ³
0104 Bílskúr	41,8 m ²	176,8 m ³
0105 Þakrými	155,3 m ²	162,0 m ³
0106 Þakrými	155,3 m ²	162,0 m ³
Heildar stærð: (sjá skráningartöflu)	704,8 m ²	1,645.1 m ³
Flatarmál lóðar samtals	1.155,7 m ²	
Nýtingahlutfall	0,34	
Bílastæði	4	

ALMENN LÝSING Á VIÐFANGSEFNINU:

Notkun og gerð byggingar er parhús með innbyggðum bílskúr.

Íbúðarhúsnæðið er í notkunarflokki 3.

Byggingarlýsing fylgir aðaluppdráttum.

Um ræðir einfaldar, hagnýtar íbúðir.

Í íbúðum er áætlaður fjöldi íbúa 3-6. Góðir skápar eru í húsum og rúmt þvottahús. Eldhúsinnrétting er hagnýt með skúffum í neðri skápum. Rúmgóður bílskúr fylgir hvorri íbúð.

Garður er rúmur með góðu aðgengi. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á lóð.

HÖNNUNARFORSENDUR:

Verkaupi lagði upp með að byggja einfaldar íbúðir með bílskúr sem henti mörgum.

Öll hönnun er unnið skv. Byggingarreglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum. Öll sértæk tilfelli sem þurfa sérstakra lausna, verður gert grein fyrir í viðbótarauka við þessa greinargerð.

2 ÁBYRGÐASVIÐ LÖGGILTRA HÖNNUÐA

Sjá nánara fylgjiskjal : Ábyrgðasvið Hönnuða

I. Aðalhönnuður: Bent Larsen Fróðason kt. 141177-3469

II. Burðarþolshönnuður: Leifur Örn Leifsson kt. 150982-4139

III. Lagnahönnuður: Leifur Örn Leifsson kt. 150982-4139

3 LÝSING BYGGINGAHLUTA

3.1 ÞAK UPPBYGGING

Þak er niðurbbyggt kraftsperru þak í íbúðum og upptekið í bílskír. Þak er með 18° þakhalla, 25x150mm borðaklæðningu, klætt með þakpappa og lokað með bárujárni. 200/220mm þakeinangrun, neðan í sperru er rakavarnarlag samkvæmt sérriti NMÍ (rb) „Frágangur rakavarnarlaga“, hvergi skal rjúfa rakavarnarlag. Samskeyti og enda skal þetta með rakavarnarkítta eða rakavarnartape-i. Á það er fest 34x45mm raflagna og afréttingargrind, og er loftaklæðning í flokki 2 í íbúðarhúsi. Loft í bílskúr/bílgeymslu skal vera í flokki 1.

U-gildi þaks er skv. orkurammaútreikningum.

3.2 ÚTVEGGIR

Burðarvirki útveggja er timbur. Gerðir úr 45x145 timbri, krossviðsklæddir með 9mm krossvið, einangraðir að innan með 150mm þéttull. Klæddir að utan með báruklæðningu. Loftræst bil utan á útveggjum skal vera að lágmarki 20mm, til að tryggja að næga loftun og hindra rakasöfnun, Setja skal músanet að neðan allan úthringinn. Að innan kemur rakavarnarlag samkvæmt sérriti NMÍ (rb) „Frágangur rakavarnarlaga“, hvergi skal rjúfa rakavarnarlag. Samskeyti og enda skal þetta með rakavarnarkítta eða rakavarnartape-i, næst kemur lagnagrind 34x45mm, og svo loks klæðning í flokki 2 í íbúð en klæðning í bílskúr skal vera í flokki 1. Samkvæmt byggingarreglugerðar á byggingin að lágmarki að uppfylla hljóðflokk C samkvæmt staðlinum ÍST 45.

U-gildi útveggja er skv. orkurammaútreikningum.

3.3 KRÖFUR Í BYGGINGARREGLUGERÐ 112/2012 TIL HLJÓÐVISTAR

Áhersla er lögð á að tryggja eins góða hljóðvist í húsinu og unnt er. Markmiðið er að fullnægja ákvæðum Byggingarreglugerðar 112/2012 með áorðnum breytingum, og ÍST 45/2016 um hljóðvistarflokkun húsnæðis. Hönnun miðast við að valin séu vistvæn heppileg efni til hljóðeinangrunar. Vanda skal öll vinnubrögð við frágang lagna, veggja, lofta, hurða og skilja hvergi eftir raufar og göt sem valdið geti hljóðleka. Notuð verða endingargóð fjaðrandi þéttiefni til lokunar á raufum og götum. Valin verða vistvæn hljóðísogsefni til stillingar á ómtíma og lækunar hljóðstígs sem stuðlar að góðri hljóðvist í húsinu.

Hljóðeinangrun:

Kröfur um hljóðeinangrun miðast við vegið hljóðeinangrunargildi fyrir lofthljóð, R'w skv. ISO717-1,1996 og ÍST45:2016 og hljóðeinangrunargildi fyrir högghljóð L'n,W skv. ISO 717-2,1996 og ÍST45:2016þ. Miðað er við flokk C eða betri. Hurðir miðist við hljóðeinangrunarflokk skv. Dönskum staðli DS 1082/1982. Miðað er við að veggir og gólf milli íbúðar og bílskúrs hafi hljóðeinangrunargildi R'w ≥ 55db. Veggir milli herbergja verði R'w≈40db. Högghljóðeinangrun milli íbúðar og bílskúrs sé L'n, w≤ 58db. Innihurðir uppfylli a.m.k. hljóðflokk 35.

3.4 INNVEGGIR

Léttir innveggir eru byggðir upp úr blikkstoðum, einangraðir með 50mm einangrun og síðan klæddir með 2x13mm gipsi.

3.5 GLUGGAR / HURÐIR

Gluggar og hurðir eru úr ál/ timbri, dökkir að utan en ljósir að lit að innan. Gler í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler. Tvöfalt samlímt öryggisgler er í gólfsíðum gluggum/hurðum, sem og öllum gluggum og hurðum sem eru allt að 600mm frá gólfi.

U-gildi Hurða og glugga er skv. orkurammaútreikningum.

3.6 SÖKKULL OG PLATA

Sökkulveggir og gólfplata eru staðsteypt. Sökkulveggir eru einangraðir að innan með 75mm plasteinangrun 16 kg/m³. Botnplata er staðsteypt, einangruð undir með 100mm plasteinangrun 16 kg/m³. Gólfhitalagnir eru ísteyptar í plötuna. Högghljóð er lnw=> 53db.

U-gildi plötu er skv. orkurammaútreikningum.

3.7 VOTRÝMI

Til að hindra skemmdir vegna notkunar vatns, leka eða rakapéttingar í votrýmum skal uppylla gr. 10.5.7 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 ásamt áorðnum breytingum.

A. Niðurfall skal vera í öllum votrýmum og nægjanlegur halli á gólfi að niðurfalli. Í öðrum rýmum þar sem búast má við vatnsleka skal almennt vera niðurfall og gólf halla að niðurfalli.

Niðurfall má ekki vera aflokað t.d. eins og í sökkli innréttingar.

B. Vatnspétt lag skal vera á gólfum og veggjum votrýma og skal það þétt á fullnægjandi hátt með rörum og stokkum. Nota skal efni og útfærslur sem draga úr myndun myglu og myndun sveppa.

C. Þar sem kranar, vaskur, uppþvottavél eða önnur tæki sem leiða til vatnsnotkunar eru í rými þar sem ekki er vatnspétt gólf og niðurfall, t.d. í eldhúsi, skal vera yfirfall á vöskum og lekavörn eða annar búnaður sem lokar fyrir aðstreymi vatns við leka á tækjum. Slík rými skulu vera þannig frágengin að leki sem fram kann að koma verði sýnilegur. Nr. 112, tók gildi 24. Janúar 2012 uppfærð 10. Janúar 2019 114

D. Veggur með innbyggðum vatnsgeymi, t.d. við salerni, skal vera þannig frágenginn að leki sem fram kann að koma verði sýnilegur. Þar sem innbyggður vatnsgeymir er í herbergi sem ekki er votrými með gólfniðurfalli, skal vera sjálfvirkur búnaður sem lokar fyrir aðstreymi vatns ef tankurinn lekur. Ganga skal þannig frá lögnum, vatnsgeymum o.þ.h. Í byggingum með fullnægjandi einangrun og rakavörn þannig að þar sé ekki hættu á rakapéttingu.

Veggplötur og gólfefni skulu henta í votrými, t.d. rakavarðar plötur og gólfflísar.

Frágangur votrýma skal vera samkvæmt rb blaði "Frágangur votrýma".

4 BRUNAHÖNNUN :

4.1 INNGANGUR

- Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af LARSEN Hönnun og ráðgjöf ehf. . Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, gr. 9.2.2. liður b í byggingarreglugerð. Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

- Ábyrgðarsvið: Aðalhönnuður

4.2. FORSENDUR HÖNNUNAR OG AÐFERÐIR

Flokkun og notkun byggingar.

Byggingin er í notkunar flokki 3.

Burðarvirki.

Brunaveggur EI90 er á milli íbúða, er hann byggður upp þannig: um er að ræða 2 aðskilda veggir með 25mm loftrúmi á milli. Veggirnir eru byggðir upp úr 45x95mm timburstoðum með 95mm einangrun í sem síðan er fest með 2mm stálvír c/c 300mm eða 50mm skrúfum c/c 300mm í miðja stoð, síðan koma 2 lög af 13mm gipsi,

Skv. leiðbeiningum MVS 4.5.3.útgáfa 1.2.

35x45 mm rafmagnsgrind og loks aftur 2 lög af 13mm gipsklæðingu eða 16mm spónarplötu. Sperra er heilklædd með 9mm krossvið beggja vegna. Sjá deiliteikningu.

E160 veggur er staðsettur milli íbúðar og bílgeymslu. Hann er byggður upp á 45x95mm stoð einangrað með 95mm steinull. Bílgeymslu megin kemur 2x13mm gipsklæðing, íbúðarmegin, kemur 13mm gipsklæðning, og ef rafmagn er lagt í vegg, 35x45mm raflagnagrind og síðan 2x13mm gipsklæðing eða 16mm spónaplata. Sperra heilklædd beggja vegna með 9mm krossvið. Sjá deiliteikningu.

Loft – og veggklæðningar bílgeymslu skulu vera í flokki 1.

Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.

Innanhúsklæðningar verða almenn í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof.) (t2).

Utan hússklæðningar eru í flokki 1.

Flóttaleiðir

Björgunarop skulu haldast opin við rýmingu og þau skal vera hægt að opna án lykils eða annara verkfæra. Á björgunaropum skal vera búnaður sem hindrar að lítil börn geti opnað þau meira en 89mm. Breidd björgunarops skal vera minnst 0,60m og á hæð minnst 0,60m, skal samanlögð breidd og hæð ekki vera minni en 1,50m. Björgunarop skulu vera á hverju svefnherbergi. Hámarksálag til að opna flóttahurðir skal vera 25N. Hvergi er lengra en 25m í næsta útgang.

Slökkvitæki

Handslökkvitæki skal vera í íbúð og bílgeymslu. Við val og staðfestingu má leita ráðgjafar hjá slökkviliðsstjóra og hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum og reglum Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3, t.d. 6 L léttvatns tæki.

Brunaviðvörunar

Lágmarkskröfur fyrir reykskynjarar í íbúðarhúsnæði er 1 skynjari fyrir hverja 80m². Hönnun gerir ráð fyrir fjölda samkvæmt grunnmynd.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma er góð kringum húsið.

4.3 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Brunavörnunum, eins og þær eru ákvarðaðar með brunahönnun, er lýst í á aðaluppdráttum arkitekta.

Ábyrgð á frágangi brunavarna á byggingarstað er á hendi verkkaupa eða þess sem hann felur umsjón með því.

4.4 AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hönnunarforsendur fyrir brunahönnun miðast við aðkröfur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 séu uppfylltar.

5 BURÐARÞOL

5.1 INNGANGUR

Hönnun burðarvirkja nær yfir hönnun á eftirfarandi verkþáttum:

- Staðsteypta sökkla og staðsteypta plötu.
- Burðarvirki útveggja og þakvirkis sem bæði eru úr timbri.

Ábyrgðarsvið burðarþolshönnuður

Skv. leiðbeiningum MVS 4.5.3.útgáfa 1.2.

5.2 FORSENDUR HÖNNUNAR

Hlutstuðlar og álagsfléttur eru skv. ÍST EN 1990.

Timbur í burðarvirki skal ávallt vera styrkleikaflokkað skv. EC5 EN1995-1-1:2009, §3, C24 eða betra, nema annað sé tekið fram. Stálfestingar skulu vera skv EC5 EN1995-1-1:2009 §8. Allar sérsníðaðar festingar utanhúss skulu vera heitgalvanhúðaðar eða ryðfríar. Allur saumur, boltar og festingar skal vera ryðvarinn. Þar sem heitgalvanhúðaðar festingar koma í þrýstifúavarið timbruð skal nota B-vörn (olíuvörn) nema annað komi fram.

Undir allar rær og bolta skal setja skinnur með kantmál 3 x þvermál bolta eða stærra og þykkt 0,3 x þvermál bolta eða stærra. Á milli timburs og steins skal ávallt setja asfaltþappa.

-EIGINÞYNGD

Eiginálag burðarvirkis og annara byggingarluta er reiknað skv. ÍST EN 1991-1-1

Rúmpýngdir til útreikninga á eiginþyngd:

- Rúmpýngd járnbenntar steinsteypu: 25,0 kN/m³
- Stálvirki: 78,5 kN/m³
- Timburvirki 6,0 kN/m³
- Gler 26,0 kN/m³

-NOTÁLAG

Notálag er ákvarðað skv. ÍST EN 1991-1-1.

Íbúðarhúsnæði:

- Notálag skv. flokki A á gólfsvæði íbúða, stiga og ganga 2 kN/m² og 2kN punktálag.

-UMHVERFISÁLAG

Vindálag skal vera ákvarðað eftir ÍST EN 1991-1-4 og íslenskra viðauka.

- Grunnildi vindhraða: $v_{b,0} = 36$ m/s
- Stefnu stuðull : $C_{dir} = 1,0$
- Árstíðar stuðull: $C_{season} = 1,0$
- Hryfisflokkur: I

Snjóálag er ákvarðað skv. ÍST EN 1991-1-3. Tekið er tillit til snjósöfnunar þar sem það á við

Byggingin er á svæði 1 með $S = 2,1$ kN/m²

Yfirborðstuðull $C_e = 0,6$ (Very windswept, mjög vindasamt)

Almennt er grunnildi snjóálags á þakið því 1,0 kN/m²

-VATNSÁLAG

Það er ekki gert ráð fyrir að mannvirkið verði fyrir vatnsþrýstingi.

Brunavarnir burðarvirkja

-ÓHAPPAÁLAG

Burðarvirkið er hannað til að standast óvænt álag af umhverfisorsökum eða mannavöldum, þannig að skemmdir verði ekki úr hlutfalli við orsök. Þannig er fylgt kröfum Evrópustaðla (ÍST EN 1990, ÍST EN 1991-1-7, ÍST EN 1992-1-1) um þol burðarvirkis (e. structural robustness).

Ákeysrsluálag er ákvarðað skv. ÍST EN 1991-1-1 og ÍST EN 1991-1-7.

-FORMBREYTINGARKRÖFUR OG KRÖFUR TITRINGS OG SVEIFLNA.

Kröfur til hámarks formbreytinga burðarvirkisins eru samkvæmt byggingarreglugerð, töflu 8.01 í gr. 8.2.4. Byggingin telst vera í flokki A. Almenn ákvæði gilda um burðarvirkið varðandi titring. Sjá einnig öll sérákvæði byggingarreglugerðar vegna formbreytinga mannvirkjahluta.

Hliðarfærsla burðarvirkis vegna vindálags og annarra orsaka er skv. gr. 8.2.5. byggingarreglugerðar og skal vera minni en fram kemur í töflu 8.03 í reglugerð.

Fjaðurstuðull steinsteypu; Sé fjaðurstuðull ekki tilgreindur með kröfum til steypu skal gildi hans vera að lágmarki 60% af Ecm gildum í töflu 3.1 í ÍST EN 1992-1-1 við ákvörðun á svignun.

5.3-HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Um er að ræða lágreista byggingu á einni hæð með léttu þaki. Lóðrétt álag er lítið og því er lágmarksbending fullnægjandi. Vind og jarðskjálfta álög eru álíka stór. Við útreikninga er stuðst við þekkar formúlur úr handbókklum og þolhönnuðum.

Allt burðarvirki nýbyggingar verður hannað í samræmi við ákvæði núgildandi staðla og Byggingarreglugerð 112/2012.

6 LOFTRÆSING

6.1 INNGANGUR

- Útsog skv. byggingarreglugerðar 112/2012.
- Ábyrgðarsvið: Lagnahönnuður/Loftræsihönnuður

6.2 FORSENDUR HÖNNUNAR

Eftirfarandi er listi yfir helstu staðla og reglugerðir sem fylgja skal í þessu verki:

- Byggingarreglugerð Nr. 112/2012 með síðari breytingum.
- ÍST45 Hljóðvistarkröfur.
- ÍST 64 Tákn fyrir hreinlætis- hita- og loftræsilagnir.

Forsendur loftræsingar er byggingarreglugerð kafli 10.2 og undirkafla þess s.s. 10.2.5.gr. „Loftræsing íbúða og tengdra rýma“. Útsog verður úr eldhúsi, baðherbergi íbúðar, minni snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum Önnur rými eru loftræst um opnaleg fög í gluggum útveggja.

Loftmagn:

- Útsog úr eldhúsi: 30 l/s.
- Útsog úr baðherbergi: 15 l/s.
- Útsog úr minni snyrtingum: 10 l/s.
- Útsog úr þvottaherbergi einnar íbúðar: 20 l/s.
- Geymsla: 0,2 l/s á m²

Loftræsibúnaður skal uppsettur og frágengin í samræmi við ákvæði staðalsins ÍST EN 13779 sem og kröfur til eldvarna.

6.3 ÚTSOG OG ÖNDUN PAKS

Samkvæmt byggingarreglugerð kafli 10.2 5.5 skal loftræsa skal öll þök úr timbri eða trjákenndum efnum, nema sýnt sé fram á aðra jafngóða lausn. Fyrir einföld minni þök á íbúðarhúsum skal loftað loftbil aldrei vera minna en 25 mm yfir allri einangrun og skal loftunarop inn og út úr hverju loftbili vera minnst 1.000 mm² fyrir hvern m² þakflatar nema sýnt sé fram á annan jafngóðan frágang. Fyrir flóknari og stærri þök skal gera sérstaka grein fyrir loftun þakanna.

7 LAGNIR ALMENNT

7.1 INNGANGUR

- Ábyrgðarsvið: Lagnahönnuður.

7.2 FORSENDUR HÖNNUNAR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi er listi yfir helstu staðla og reglugerðir sem fylgja skal í þessu verki:

- Byggingarreglugerð Nr. 112/2012 með síðari breytingum.
- ÍST45 Hljóðvistarkröfur
- EN ISO 16032:2004 Acoustics – Measurement of sound pressure level from service equipment in buildings – Engineering method.
- ÍST 62 Mannvirkjateikningar, tákn fyrir tæki í hita- og loftræsikerfum.
- ÍST 64 Tákn fyrir hreinlætis- hita- og loftræsilagnir.
- ÍST 65 Frárennislagnir í jörðu.
- ÍST 67 Vatnslagnastaðall. Inniheldur sérákvæði við danska staðalinn DS 439:2009 Norm for vandinstallationer)
- ÍST 68 Fráveitulagnir í húsum.
- DS 439 Vandinsstallationer
- ÍST-EN 442-1:1995 Radiators and convectors. Technical specs. and req.ments.
- ÍST ISO 4067/1 Tækniteikningar, teiknitákn fyrir fráveitu-, neysluvatns-, hita- og loftræsilagnir.
- ÍST ISO 4067/2 Tækniteikningar, einföld myndtákn fyrir hreinlætistæki.
- ÍST ISO 4067/6 Tækniteikningar, teiknitákn fyrir vatnsveitu- og holræsalagnir í jörðu.
- DIN 1962 Efnisstaðall fyrir steypujárn.
- ÍST EN 10255 (DIN 2440) Svartar meðalþykkar stálpípur (steel tubes, medium weight suitable for screwing/1978).
- ÍST EN 10242 (DIN 2950) Píputengi úr seigjárn (Malleable cast iron fittings/1983).
- DIN 1988/part 2 Drinking water supply systems; materials, components, appliances, design and installation
- DIN 3842 Sjálfvirkir ofnlokar með innbyggðum nema.
- ÍST EN 1253 (DIN 19599) Gólfniðurföll úr steypujárn (Abläufe und Abdeckungen in Gebäuden).
- DS 469:1991 Varmeanlæg med vand som varmebærende medium.
- DS 452:1984 og Annex D 1:1996. Dansk ingeniørsforenings norm for termisk isolering af tekniske installationer.
- 571/2000 Reglur um þrýstibúnað.
- ÍST EN 15251:2007. Gildi fyrir hönnun og mat á orkunýtingu bygginga með hliðsjón af loftgæðum, lofthita, lýsingu og hljóðvist.

7.3 LAGNIR, INNTÖK OG TÆKNIRÝMI:

Öll inntök koma í bílskúr.

7.3.1 HITALAGNIR

Stofnlagnir fyrir hitalagnir skulu vera skv. kröfum sveitarfélagsins. Húsið er hitað upp með hitaveitu. Lagnakerfi er gólfhitakefi með handklæðaoftum á snyrtingum. Gólfhitalagnir eru benslaðar á járngrind botnplötu. Inntök fyrir gólfhitalagnir er staðsett í bílgeymslum.

Allar lagnir séu í samræmi við gildandi reglugerðir og ÍST67. Lagnaefni eru PE-X með súrefniskápu eða sambærilegt. Fæðurör frá inntökum að deiliskistum eru 25mm PE-X með súrefniskápu eða sambærilegt. Mesti vatnshiti að slaufum er 45°C, og mesti bakrásarhiti er ≈35°C við hverja 15°C útihita. Þrýstiprófa skal góflagnir áður en steipt er með 6 bar í 24tíma án þess að þrýstingur falli.

7.3.2 NEYSLUVATNSLAGNIR

Stofnlagnir verða viðurkenndar álplastlagnir eða plastlagnir sem lagðar verða í botnplötu, léttum veggjum eða einangrun útveggja að tengistútum. Gert er ráð fyrir að lagnir þoli 60°C við 10 bar þrýsting og stöðugt álag í 50 ár. Dreifikista neysluvatnslagna er staðsett á vegg í þvottahúsi og geymslu við hlið dreifikistu hitalagna. Lagnir einangrast á hefðbundinn hátt. Kaldavatnslagnir skulu liggja neðan við einangraun botnplötu, en heitavatnslagnir liggja í eða ofna á einangrun botnplötu.

Allar lagnir séu í samræmi við gildandi reglugerðir og ÍST67. Lagna efni eru PE-X rör í rör innsteipt, stærð 15mm, 18mm oð sturtum og baði. Fæðurör frá inntökum að deiliskistum eru 25mm PE-X með súrefniskápu eða sambærilegt.

7.3.3 FRÁRENNSLI

Skólplagnir regnvatns og jarðvatnslagna í jörð eru PVC rör. Tengistykki skulu vera af sömu gerð og lagnir. Lagnir skulu lagðar þannig að þær hvíli á belg rörana, en ekki múffum. Öll samskeyti lagna skulu vera þétt með til þess gerðum gúmmí hringjum.

Skólplagnir eru sem ekki eru sérstaklega merktar skulu vera 110mm með minnst 20% halla, en regnvatnslagnir sem ekki eru merktar skulu vera 110mm með minnst 10% halla. Hámarkshalli á frá rennislögnum er 300%. Lagnir skulu lagðar á 150mm sandlag og fyllt yfir með sandi fyrir frárennislagnir, en drenmöl og til þess gerðum dúk yfir þerrilagnir. Þar sem lagnir ganga í gegnum sökkul skal setja styrktarhólk (rör) af næstu stærð fyrir ofan viðkomandi lögn utan um lögnina. Tryggja skal eðlilega þennslu lagna með því að hafa 10mm svigrúm á skamskeytum lagna. Lagnir sem eru innsteiptar í plötu skulu vera úr pp(Polypropelen)

Gólfniðurföll innan íbúðar eru gegnumstreymis niðurföll með lyktarloku, sé fyrir sjánaleg lítil notkun. Niðurföll í bílgeymslu eru venjuleg niðurföll í gólfplötu með lyktarloku.

Allar lagnir og meðferð á efni skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og þeirra staðla sem hún vísar til, þar með talið ÍST 67, ÍST 68, DS-432 og D-43

7.3.4 RAF- OG FJARSKIPTALAGNIR

- Ábyrgðarsvið:Lýsingahönnuður/Raflagnahönnuður.

Staðlar, reglugerðir og leiðbeiningarit, allt efni og vinna er 1.flokks og uppfyllir ákvæði reglugerðar um raforkuviski ÍST 200:2006, tengiskilmála rafveitna og viðaukum. Allur búnaður verður CE merktur. Stöðlum, reglugerðum um lág- og smáspennukerfi og heilbrigðissambýkktum verður framfylgt í öllum atriðum.

Til snertispenntu varna verða notaðir jarðstraumslíðar með eigi hærri marklekastraum en 30milliamper. Viðnám jarðskauts til jarðar skal miðast við að snertispenna í bilanatilvikum geti ekki orðið hærri en 50 volt.

8 LÝSING

8.1 INNGANGUR

- Ábyrgðarsvið: Lýsingahönnuður/Raflagnahönnuður.

8.2 FORSENDUR HÖNNUNAR OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin ýmist utaná liggjandi eða innfelld og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.

9 ÖRYGGISMÁL

9.1 INNGANGUR

- Ábyrgðarsvið: Aðalhönnuður.

Byggingin verður vönduð og hagkvæm m.t.t. öryggis fólks og heilbrigðis. Öryggishönnun tekur til hluta 12 í byggingarreglugerð 112/2012 sem fjallar um öryggi við notkun. Hönnun aðalhönnuða, raflagnahönnuða og burðarþolshönnuða tekur mið af kafla 12.2, þar sem tekið er á vörn gegn falli. Kafli 12.3, þar sem tekið er á innréttingum, búnaði, útstandandi og hreyfanlegum hlutum ofl. kemur inn í hönnun aðalhönnuða. aðalhönnun og burðarþolshönnun taka mið af kafla 12.4, þar sem fjallað er um gler í byggingum. Lagnir, lagnakerfi og raflagnir eru hönnuð í samræmi við kafla 12.5 sem tekur á vörnum gegn brunaslysum. Kafli 12.6, varnir gegn sprengingum, og kafli 12.8 varnir gegn eitrun, eiga ekki við en kafli 12.7, varnir gegn innilokun kemur inn í hönnun arkitekta og brunahönnuða. Raflagnahönnun tekur mið af kröfum sem settar eru fram í kafla 12.9, varnir gegn bruna og öðrum slysum af völdum rafmagns. Kafli 12.10, varnir gegn slysum á lóð verður fylgt í hvítetna.

9.2 FORSENDUR HÖNNUNAR

Kafli 10. Hollusta, heilsa og umhverfi.

Kafli 10.1 Almennar kröfur til mannvirkja.

Byggingin verður þannig hönnuð og byggð að þægindi hvað varðar hita raka og hreyfingu lofts þeim svæðum þar sem fólk dvelur sé fullnægjandi og ávallt í eðlilegu samræmi við þær athafnir sem fara þar fram.

Kafli 10.3.1, innivist.

Um innivist í íbúðum verður hafður til hliðsjónar ÍST EN ISO 7730. Aðalhönnuður telur að húsnæði séu nægjanlega stór fyrir áætlaðan fjölda íbúa. Af fenginni reynslu hönnuðar og miðað við leiðbeiningar frá Mannvirkjastofnun við grein. 6.7.1 gr. Um almennar kröfu til íbúða. Er þessum þáttum framfylgt í gerð hússins.

Kafli 10.4, birta og lýsing.

Mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öll birtuskilyrði og ljósmagn sé í fullu samræmi við þær athafnir sem fara fram við eða innan mannvirkisins.

Kafli 10.7, þrif mannvirkja og meindýr.

Frágangur og efnisval í húsnæði mun miðast við að eðlileg þrif þess geti verið í samræmi við notkun þess.

Kafli 11 Hljóðvist

Kafli 11.1, Varnir gegn hávaða

Byggingar og önnur mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að heilsu og innra umhverfi sé ekki spillt af völdum hávaða og óþægindum af hans völdum sé haldið í lágmarki. Hávaði sem fólk í mannvirkinu skynjar skal veraða viðunandi og ekki hærri en svo að það geti sofið, hvílst og starfað við eðlileg skilyrði.

Skv. leiðbeiningum MVS 4.5.3.útgáfa 1.2.

Kafli 12. Öryggi við notkun

Kafli 12.1. Almenn um öryggi

Þar sem gert er ráð fyrir umferð almennings skal séð til þess að birta og lýsing í umferðarleiðum uppfylli kröfur og tekið tillit til algildrar hönnunar. Eins er séð til þess að ekki skapist fallhætta vegna yfirborðs gólfplata með því að hafa gólfefni slétt og laus við misfellur. Öryggi vegna hæðarmunar er tryggt með því að setja handrið þar sem eru stigar eru og verða handrið af viðurkenndri gerð sem uppfylla ákvæði í kafla 6 í byggingarreglugerð.

Á gólfum þar sem hætta er á hálfu, t.d. vegna bleytu, verður valið gólfefni með hálkuvíðnámi sem hentar aðstæðum

Kafli 12.4, gler í byggingum.

Gler í bygginguna verður hannað í samræmi við kafla 8.5 í byggingarreglugerð.

Tvöfalt samlímt öryggisgler er í gólfsíðum gluggum/hurðum, sem og öllum gluggum og hurðum sem eru allt að 600mm frá gólfi. Gert ráð fyrir merkingum á þeim í samræmi við kröfur í grein 12.4.2.

9.3 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum er kveðið á um að tryggja skuli öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu. Undir þessi lög falla fjölmargar reglur- og reglugerðir. Við hönnun húsnæðis sem hér um ræðir er styðjast við, eða líta til eftir atvikum, eftirfarandi reglur:

- Reglugerð 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og aðbúnað í frystihúsum.
- Reglur nr. 498/1994 um skjávinnu. Þar er m.a. kveðið á um að atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að verkstöðvar sem teknar eru í notkun í fyrsta sinn uppfylli lágmarkskröfurnar sem tilgreindar eru í viðauka; s.s. um lýsingu, endurskin og glampa, hávaða, hitastig, geislun og rakastig.
- Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.
- Reglugerð nr. 921/2006 um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum.

10 AÐKOMA, UMFERÐARLEIÐIR OG DVALARSVÆÐI UTANDYRA

10.1 INNGANGUR

Skv. gr 6.1.6 í byggingarreglugerð, er talað um að sá hluti hennar se fjallar um aðgengi, skiptist reglugerðin í meginreglur og viðmiðunarreglur. Þar segi að meginreglur séu ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur séu frávikjanlegar ef sýnt er fram á að aðgengi og öryggi sé tryggt með jafngildum hætti og meginregla.

Hönnun þessa húss miðast við viðmiðunarreglu. Hér er því lýst hvers vegna hönnuður telur að þrátt fyrir viðmiðunarreglu, er aðgengi og öryggi tryggt með jafngildum hætti og meginregla.

Byggingin er á einni hæð og er því aðkoma á lóð að byggingu skýrt afmörkuð og þannig staðsett að hún er greiðfær og greinileg þeim sem að henni koma. Hönnun bílastæða og gönguleiða innan lóðar er með þeim hætti að ekki skapast hætta fyrir gangandi vegfarendur. Þess er gætt að ekki séu þrep í gönguleiðum að inngangi byggingar. Hæðarmunur er jafnan þannig að allir þeir sem ætla má að fari að inngangi byggingar eða um lóð hennar komist auðveldlega um.

10.2 LÓÐ- ÚTISVÆÐI

Pallar eru áætlaðir á lóð.

10.3 ALGILD HÖNNUN

Samkvæmt byggingareglugerð 112/2012 með áorðnum breytingum, grein 6.1.2 skal ávallt leitast við að gera byggingar og lóðir þannig að þær séu öllum aðgengilegar. Á það við um frágang lóðar, innraskipulag og aðgengismál. Er sú grein höfð til viðmiðunar við hönnun hússins.

Gátlisti vegna aðaluppdráttar
Unnin skv. Byggingareglugerð nr. 112/2012

1. Aðalhönnuður og umsækjandi

	Nafn aðalhönnuðar	Kennitala	Heimilisfang	Netfang
	Nafn umsækjanda	Kennitala	Heimilisfang	Netfang

2. Lóð

	Heiti	Nr.	Matshluti	Landnúmer


Vinsamlegast merkið við í samræmi við neðangreint

0.00	<u>Fylgigögn með umsókn og forsendur</u>
0.00	<input checked="" type="checkbox"/> Umsóknareyðublað (gr. 2.4.1)
0.1	<input checked="" type="checkbox"/> Aðaluppdrættir á pdf formi ásamt gátlista þessum
0.2	<input checked="" type="checkbox"/> Mæliblað
0.3	<input checked="" type="checkbox"/> Hæðarblað
0.4	<input checked="" type="checkbox"/> Greinargerð hönnuða / umsækjanda
0.5	<input type="checkbox"/> Samþykki meðeiganda / lóðarhafa
0.6	<input type="checkbox"/> Samþykki nágranna
0.7	<input type="checkbox"/> Frávik frá skilmálum, lýsing.
0.8	<input type="checkbox"/> Breytingar á eignaskiptingum
0.9	<input type="checkbox"/> Starfsleyfisskyld atvinnustarfsemi, lýsing:
0.10	<input type="checkbox"/> Brunavarnaruppdrættir, Brunahönnun (gr. 4.3.3)
0.11	<input type="checkbox"/> Ástandsskýrsla
0.12	<input type="checkbox"/> Umsögn húsafriðunarnefndar
0.13	<input checked="" type="checkbox"/> Gátlisti þessi
0.14	<input checked="" type="checkbox"/> Skráningartafla, rafrænt
0.15	<input type="checkbox"/> Önnur gögn _____
1.00	<u>Deiliskipulag - skilmálar og lóðir</u>
1.01	<input checked="" type="checkbox"/> Deiliskipulag í gildi (gr. 2.4.2)
1.02	<input checked="" type="checkbox"/> Samrýmist bygging skipulagi svæðis (gr. 4.3.1)

2.00		<u>Grunnupplýsingar og frágangur uppdráttu (4.3. kafli)</u>
2.1	<input checked="" type="checkbox"/>	70x100mm reitur efst í hægra horni, hreinn
2.2	<input checked="" type="checkbox"/>	Götuheiti og nr.
2.3	<input checked="" type="checkbox"/>	Dagsetningar / breytingardagsetningar og nr.
2.4	<input checked="" type="checkbox"/>	Mælikvarði
2.5	<input checked="" type="checkbox"/>	Efni teikningar
2.6	<input checked="" type="checkbox"/>	Teikninganr. / breytinganr.
2.7	<input checked="" type="checkbox"/>	Undirritun aðalhönnuðar og kennitala
2.8	<input checked="" type="checkbox"/>	Réttindi aðalhönnuðar og starfsábyrgðartrygging
2.9	<input type="checkbox"/>	Tilgr. uppr.legan hönnuð (ef um br. er að ræða)
2.10	<input checked="" type="checkbox"/>	Blaðstærðir ISO A2 eða sambrotið í þá stærð
3.00		<u>Afstöðumynd (gr. 4.3.1)</u>
3.01	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsetja mannvirki
3.02	<input checked="" type="checkbox"/>	Málbinda við lóðamörk á amk. tvo vegu
3.03	<input checked="" type="checkbox"/>	Nánasta umhverfi (mannvirki) í 30m fjarlægð
3.04	<input type="checkbox"/>	Loftmynd sem sýnir stærra svæði (map.is/sudurland)
3.05	<input checked="" type="checkbox"/>	Norðurpíla
3.06	<input checked="" type="checkbox"/>	Götuheiti
3.07	<input checked="" type="checkbox"/>	Byggingareitur
3.08	<input type="checkbox"/>	Sýna stækkun ef um viðb. er að ræða
3.09	<input checked="" type="checkbox"/>	Matshlutanr.
3.10	<input checked="" type="checkbox"/>	Hæðarlega lóðar skv. mæliblaði (hæðir á lóðamörkum)
3.11	<input checked="" type="checkbox"/>	Lóðamörk skv. mæliblaði
3.12	<input checked="" type="checkbox"/>	Bílastæði á lóð
3.13	<input type="checkbox"/>	Bílastæði fyrir fatlaða
3.14	<input type="checkbox"/>	Halli á skábrautum
3.15	<input checked="" type="checkbox"/>	Sorpgeymsla, ath. fjarlægð frá húsi
3.16	<input type="checkbox"/>	Aðkoma slökkviliðs / öryggissvæði
3.17	<input type="checkbox"/>	Rotþró - Staðsetning, aðgengi, lítramál, sérákv. v/Þingvalla
3.18	<input type="checkbox"/>	Kvaðir á lóð
4.00		<u>Grunnmyndir (4.3. kafli)</u>
4.01	<input checked="" type="checkbox"/>	Eignanúmer
4.02	<input checked="" type="checkbox"/>	Matshlutanr. - rýmisnr. sbr. skráningartöflu
4.03	<input checked="" type="checkbox"/>	Heiti rýma og nettóstærðir í fermetrum
4.04	<input checked="" type="checkbox"/>	Húsmunir í kvarða
4.05	<input checked="" type="checkbox"/>	Hæðarkóti á gólfum
4.06	<input checked="" type="checkbox"/>	Inntök heimlagna, ath. afstöðu gagnv. stofnlögnum
4.07	<input checked="" type="checkbox"/>	Lóð - bílastæði, gróður, gangstígar, leiksvæði, osfrv.
4.08	<input checked="" type="checkbox"/>	Heitur pottur, m/læsanlegu loki, 40cm (gr. 12.10.4)
4.09	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsetja að innan
4.10	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsetja að utan
4.11	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsetja glugga- og hurðagöt
4.12	<input type="checkbox"/>	Merkja breytingar (má vera í fylgiriti)
4.13	<input type="checkbox"/>	Sýna stækkun eða breytingu
4.14	<input type="checkbox"/>	Íbúðarhúsn.-meðalhæð 2,2 og 2,5 í amk. 1/3 í risi (gr. 6.7.2)
4.15	<input checked="" type="checkbox"/>	Sorpgeymsla (gr. 4.3.6)
4.16	<input checked="" type="checkbox"/>	Merkja björgunarop BxH (gr. 9.5.5)
4.17	<input checked="" type="checkbox"/>	Útljós og rýmingarleiðir aðrar ef við á.

4.18	<input checked="" type="checkbox"/>	Brunahólfun byggingarluta
4.19	<input checked="" type="checkbox"/>	Eldvarnarhurðir (og gluggar) milli brunahólfa
4.20	<input checked="" type="checkbox"/>	Merkning brunamótstöðu og hljóðmótstöðu milliveggja
4.21	<input checked="" type="checkbox"/>	Staðsetning brunaslanga og/eða handslökkvitækja (gr. 9.4.4)
4.22	<input checked="" type="checkbox"/>	Reykaskynjarar í öllum rýmum (gr. 9.4.3)
4.23	<input checked="" type="checkbox"/>	LR merkja lokuð rými
4.24	<input checked="" type="checkbox"/>	GN merkja niðurföll í votrymum
4.25	<input type="checkbox"/>	Sérnotafletir á lóð
4.26	<input checked="" type="checkbox"/>	Norðurpíla
5.00 Útlit og landhæðir (4.3. kafli)		
5.01	<input checked="" type="checkbox"/>	Landhæðir á lóð við hús
5.02	<input type="checkbox"/>	Skilgreina matshluta ef fleiri en einn
5.03	<input type="checkbox"/>	Merkja breytingar (má vera í fylgiriti)
5.04	<input type="checkbox"/>	Sýna stækkun eða breytingu
5.05	<input checked="" type="checkbox"/>	Merkja björgunarop (BxH) og rýmingartæki (fellistiga ofl)
5.06	<input checked="" type="checkbox"/>	Sýna opnun í gluggum og hurðum
5.07	<input checked="" type="checkbox"/>	Merkja öryggisgler í gólfsíðum glerjum. 600mm eða minna frá gólfi
6.00 Sneiðingar (gr. 4.4.2)		
6.01	<input checked="" type="checkbox"/>	Hæðarkóti á gólfum
6.02	<input checked="" type="checkbox"/>	Hæðarkóti á þakbrúnum og efsta punkti þaks
6.03	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsetja salarhæðir
6.04	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsetja efri brúnir á þökum
6.05	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsetja glugga- og hurðahæðir
6.06	<input checked="" type="checkbox"/>	Málsett að utan
6.07	<input checked="" type="checkbox"/>	Sýna útlínur undirstaða og málsetja
6.08	<input checked="" type="checkbox"/>	Sýna einangrun
6.09	<input type="checkbox"/>	Sýna hæð 1,8m
6.10	<input checked="" type="checkbox"/>	Merkja þakhalla í gráðum
6.11	<input type="checkbox"/>	Merkja breytingar (má vera í fylgiriti)
6.12	<input type="checkbox"/>	Sýna stækkun eða breytingu
6.13	<input checked="" type="checkbox"/>	Eldvarnarmerkingar eftir þörfum
6.14	<input type="checkbox"/>	Sneiðing í stiga
6.15	<input type="checkbox"/>	Sneiðing í lyftugöng
7.00 Byggingarlýsing (gr. 4.3.9)		
7.01	<input checked="" type="checkbox"/>	Lýsing eignar - fj. íbúða / starfsemi í atvinnuhúsnæði
7.02	<input checked="" type="checkbox"/>	Götuheiti og nr.
7.03	<input checked="" type="checkbox"/>	Landnr. og staðgreinir
7.04	<input checked="" type="checkbox"/>	Byggingarefni og uppbygging, gólfa og útveggja
7.05	<input checked="" type="checkbox"/>	Byggingarefni og uppbygging þaks og undirstaða
7.06	<input type="checkbox"/>	Vottun byggingareininga
7.07	<input checked="" type="checkbox"/>	Frágangur / klæðning útveggja og þakflata
7.08	<input checked="" type="checkbox"/>	Klæðningar innanhúss - flokkur
7.09	<input checked="" type="checkbox"/>	Einangrun sökklá og undir gólfplötu
7.10	<input checked="" type="checkbox"/>	Einangrun veggja og þaka
7.11	<input type="checkbox"/>	Byggingarefni milligólfa og burðarveggja inni
7.12	<input type="checkbox"/>	Svignunarflokkur burðarvirkis
7.13	<input type="checkbox"/>	Brunakrafa milliveggja og milli mhl.eininga s.s. bílskúrs

7.14	<input type="checkbox"/>	Hljóðeinangrun milliveggja
7.15	<input type="checkbox"/>	Litaval utanhúss
7.16	<input checked="" type="checkbox"/>	Gerð glugga og hurða
7.17	<input checked="" type="checkbox"/>	Öryggisgler í gluggum sem ná niður í gólf og allt að 60cm frá gólfi
7.18	<input checked="" type="checkbox"/>	Lýsing lagnaleiða og gerð kerfis
7.19	<input checked="" type="checkbox"/>	Upphitun
7.20	<input checked="" type="checkbox"/>	Neysluvatn
7.21	<input checked="" type="checkbox"/>	Fráveita
7.22	<input checked="" type="checkbox"/>	Loftræsting
7.23	<input checked="" type="checkbox"/>	Brunavarnir og flóttaleiðir
7.24	<input checked="" type="checkbox"/>	Kólnunartölur sbr. reglugerð
7.25	<input checked="" type="checkbox"/>	Heildarstærðir hvernar hæðar / eignar í m ² og m ³
7.26	<input checked="" type="checkbox"/>	Stærð lóðar
7.27	<input checked="" type="checkbox"/>	Nýtingarhlutfall
7.28	<input checked="" type="checkbox"/>	Fjöldi bílastæða
7.29	<input type="checkbox"/>	Algild hönnun og aðgengi
7.30	<input type="checkbox"/>	Meðhöndlun sorps og hættulegra efna
7.31	<input type="checkbox"/>	Yfirfarið af burðarvirkishönnuði



HNITASKRÁ

PKT	AUSTUR	NORÐUR	BK. HEIMÆÐA
Hr14	401005,196	381641,946	13,120
Hs14	401004,401	381642,007	12,720
71	400984,080	381641,314	
72	400987,535	381671,042	
73	401024,485	381669,457	
78	401024,087	381639,460	
79	401006,372	381639,914	
80	400994,385	381640,514	
81	400986,237	381641,060	
234	400991,281	381670,775	
B75	400990,929	381665,601	
B76	401020,417	381664,336	
B77	401020,164	381645,330	
B78	400988,731	381646,678	

SKÝRINGAR:

---⊙---	Hr, regnvatnsheimæð
---⊙---	Hs, skólheimæð
---	Vatnsveita
~~~~~	Lega aðveitna í lóðarmörkum *
L=xx,x	Hæð á lóðarmörkum
G=xx,xx	Hæð lóðar við götu

---	Lóðarmörk
△△	Kvöð um bílastæði
F: xxx,x m²	Flatarmál lóðar
N: 0,x	Nýtingarhlutfall lóðar
---	Bundin byggingarlína
---	Byggingarreitur
---	Byggingarreitur bílagæmslu
Gk. xx,xx	Gólfkóti húss
⊙xx	Hnitpunktur, sjá hnitaskrá
30,00	Málsetning
②	Lóðarnúmer

**Viðmiðunarfastermerki:**

Nafn	Austur(X)	Norður(Y)	Hæð(Z)	Lýsing(D)
1215	400555,588	381882,296	15,618	Fastmerki

Hnit í ISN93, hæðir í hæðarkerfi Árborgar við flugvöll

Heimæðaendar eru hnitsettir

* Aðveitur Selfossveitna, HS Veitna, Milú og GR. Inntök skulu vera í þeirri húshlíð sem næst er

Frumstærð blaðs A4

1:500

www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMPYKKT: *Sigrún Þ. Þorvaldsson*

**Skipulagsfulltrúi**  
**Sveitafélagið Árborg**

A 2020-03-09 VERKTEIKNING HuJ URP AKA GJ

ÚTG DAGS SKÝRINGAR TEIK HANN RÝNT SAMP

**BJARKARLAND, ÁRBORG**

Lóðarblað  
Björkurstekkur 1-3  
Grunnmynd og hnitaskrá

VERKFANG 18328 TEIKNING U20.114 A



TAFLA 1 ORKURAMMI

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m ² )	U W/(m ² K)	U · A W/K
Þak	Létt timburþak	414.3	0.20	82.86
Steyptir veggir	180mm, steinað	0.0	0.40	0
Léttir veggir	Timbur veggur 150mm steinull	325.0	0.30	97.5
Gólf	130 mm plata á fyll.	394.1	0.30	118.23
Gluggar/Hurðir	Timbur gluggar og hurðir	73.4	2.00	147
Orkurammi			Σ U · A	<b>445</b>

TAFLA 2 RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m ² )	U W/(m ² K)	U · A W/K	Einangrunarþ. mm
Þak	Létt timburþak	414.3	0.19	77	<b>220</b>
Steyptir veggir	180mm, steinað	0.0	0.40	0	<b>86</b>
Léttir veggir	Timbur veggur 150mm steinull	325.0	0.27	89	<b>150</b>
Gólf	130 mm plata á fyll.	394.1	0.25	72	<b>100</b>
Gluggar		40.7	1.66	68	
Hurðir		32.7	1.36	44	
Rauntap			Σ U · A	<b>349</b>	

TAFLA 3 TAP GEGNUM KULDABRÝR

Kuldabryr	Lengd L	ψ(W/mK)	ψ · L (W/K)
Lóðréttar kuldabryr við úthorn	0.0	0.04	0.00
Láréttar kuldabryr við plötuskil	0.0	0.83	0.00
Lóðréttar kuldabryr við útvegg/innvegg	0.0	0.83	0.00
Kuldabryr við svalir	0.0	0.83	0.00
Kuldabryr útistigi-útveggur	0.0	0.60	0.00
Kuldabryr við glugga	116.4	0.04	4.66
Kuldabryr við hurðir	64.9	0.04	2.60
Sökkull undir útvegg	92.8	0.48	32.06
Sökkull undir innvegg	0.0	0.46	0.00
Aðrar	0.0		0.00
Kuldabryr		Σ ψ · L	<b>39.3</b>

ORKURAMMI ( Tafla 1)		<b>445</b>	Krafa
RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU (Tafla 2)	349		Raun
TAP GEGNUM KULDABRÝR (Tafla 3)	39		
Tafla 2+3	<b>389</b>		
Er Krafa/Raun>1,0 ?	<b>1.15</b>	<b>Í lagi</b>	

Grein 13.2.4	Leiðnitap á fermetra gólfs pr. °C	U- gildi gluggaglerja
Leiðnitap á fermetra gólfs pr. °C	<b>0.99</b>	Fast gler 1.10
Grein 13.3.2		Opanlegt fag 1.90
Útveggir, vegið meðaltal	<b>0.50</b>	<b>Í lagi</b>